

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópaskers 1990 - 2010.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. apríl 1998 staðfest breytingu á aðalskipulag Kópaskers 1990 - 2010 frá 17. febrúar 1992.

Lóð sem áætluð var fyrir leikskóla breytist í lóð undir íbúðarhús.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Öxarfjarðarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 16. apríl 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990 - 2010, vöruhöfn á Oddeyri.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. apríl 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990 - 2010 frá 30. nóvember 1990 með síðari breytingum.

Eftirtaldar breytingar eru gerðar:

1. Breytingar á gatnakerfi. Strandgata og Silfurtangi verða húsagötur en Gránufélagsgata og Laufásgata, sem framlengd er til norðurs að Hjalteyrargötu við Grenivelli, verða safngötur svæðisins og megin aðkomuleiðir. Einstefna verður til austurs á hluta Gránufélagsgötu. Gatnamót safngatna við Hjalteyrargötu má leysa með hringtorgum.

2. Reit milli Kaldbaksgötu og Laufásgötu, sunnan Gránufélagsgötu, er breytt úr iðnaðarsvæði í hafnarsvæði.

3. Lóðunum Strandgötu 47 og 49 (lóð Gránufélagshúsanna) er breytt úr iðnaðarsvæði í svæði fyrir almenna atvinnustarfsemi.

4. Svæði sunnan nýrra gatnamóta Laufásgötu og Hjalteyrargötu er breytt úr iðnaðarsvæði í óbyggt svæði/útivistarsvæði.

5. Afmörkun opinna svæða og hafnarsvæðis sunnan Strandgötu og vestan Oddeyrarbyggju er breytt til samræmis við núverandi frágang svæðisins.

6. Gert er ráð fyrir lengingu Tangabryggju og Oddeyrarbyggju og lítilsháttar landfylling norðan Tangabryggju gerð möguleg.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 16. apríl 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.